

INNKAUPARÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 8. september var haldinn 407. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru Dóra Magnúsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir og Björn Gíslason. Auk þeirra sat Jóna Björg Sætran áheyrnarfulltrúi fundinn. Einnig sat fundinn Jón Pétur Skúlason frá embætti borgarlögmans og Hrólfur Sigurðsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar og Ámundi Brynjólfsson. Fundarritari var Guðbjörg Eggertsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 6. september sl., þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Háfells ehf. í útboði nr. 14018 Kirkjusandur - Hallgerðargata, gatnagerð og lagnir. R17060144.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Í Innkaupareglum Reykjavíkurborgar koma m.a. fram skilyrði fyrir hæfi verkþjóðenda til að bjóða í verk í útboði Reykjavíkurborgar, sbr. ákvæði í 28. gr. Sérstaklega í 5., 6. og 7. mgr. þar sem kveðið er m.a. á um að líta skuli "...til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði...". Einnig er m.a. tekið fram í Yfirlýsingu í skjalinu "Mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum" að innkaupareglurnar "...muni stuðla að eflingu íslenska verktakamarkaðarins". Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina gerir þá athugasemd hvort það sé í anda 28. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og yfirlýsingar að gera mat á skilgreiningum á "rekstrareiningu" hærra undir höfði en því hverjir eigendur verkþjóðandi fyrirtækis eru og hvort þeir eigi sannarlega sögu gjaldþrota í sömu eða samskonar atvinnugrein að baki næstliðin 5 ár. Þar sem aðstæður í dúr við hið síðarnefnda virðast eiga við um tilboðsgjafa Háfell ehf., kt. 500907-1770, þá vaknar sú spurning hvort það sé í samræmi við anda innkaupareglanna að taka tilboði þess aðila í verk nr. 14018.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Mikilvægt er að hæfi bjóðenda, rekstrarsaga fyrirtækja, viðskiptasaga stjórnenda og helstu eigenda séu skoðuð gaumgæfilega áður en til verkkaupa kemur og ekki gengið til samninga við fyrirtæki sem nýlega hafa lent í gjaldþroti.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingar og Bjartrar framtíðar:

Samkvæmt álit borgarlögmans uppfyllir lægstbjóðandi kröfur útboðsgagna og innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Fulltrúarnir telja brýna ástæðu til áframhaldandi endurskoðunar innkaupareglna Reykjavíkurborgar er lúta að kennitölufлакki og viðskiptasögu.

- Kl. 12:50 vikur Ámundi Brynjólfsson af fundi.

Samþykkt með tveimur atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar gegn einu atkvæði fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

2. Lagt fram yfirlit skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar varðandi einstök innkaup yfir 1. m.kr. á 2. ársfjórðungi 2017. R17010075. Frestað.
3. Lagt fram yfirlit innkaupadeildar Reykjavíkurborgar yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofa og sviða í ágúst 2017. R17010075. Innkauparáð gerir ekki athugasemdir við framlagt yfirlit.

Fundi slitið kl. 13.10

Dóra Magnúsdóttir [sign]

Magnea Guðmundsdóttir [sign]

Björn Gíslason [sign]